

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

sent á nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 23. nóvemberber 2020

Umsögn Landverndar um tillögu að breytingu á lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015 (mat á áhrifum stjórnarfrumvarpa), 143. mál

Stjórn Landvernd hefur kynnt sér ofangreint frumvarp styður það heilshugar. Nokkuð hefur borið á því að áætlanir stjórnvalda almennt séu ekki í takt við aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum, eins og nýleg samgönguáætlun er gott dæmi um. Ná þetta frumvarp fram að ganga gæti það stuðlað að því að áætlanir ríkisins og lagafrumvörp sem lögð verða fyrir Alþingi í framtíðinni verði í samræmi við stefnur í loftslagsmálum og jafnréttismálum. Að minnsta kosti má vænta að það ósamræmi komi fram í dagsljósið og að þingmenn séu meðvitaðir um það þegar þeir taka afstöðu til málsins. Þetta ákvæði gæti einnig átt þátt því að bæta undirbúning stjórnarfrumvarpa og draga úr vanköntum við setningu nýrra laga hvað varðar þá þrjá þætti sem vísað er til; fjármál, loftslagsmál og jafnréttismál. Nokkurra bóta má því vænta í bæði stjórnarsýslu og lagasetningu ná þetta frumvarp fram að ganga.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri